

**AUGLÝSING**  
**um breytingu á gjaldskrá nr. 446/2012 fyrir verkefni**  
**og þjónustu Umhverfisstofnunar.**

1. gr.

Á eftir 11. gr. gjaldskrárinnar kemur ný grein, 11. gr. a, svohljóðandi:

*Vöktunaráætlanir rekstraraðila í viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.*

Umhverfisstofnun innheimtir gjald vegna staðfestingar á breytingum á vöktunaráætlunum rekstraraðila skv. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 70/2012, um loftslagsmál.

Gjaldið skal vera kr. 117.800.

Reikningur skal gefinn út við móttöku tilkynningar um breytingu á vöktunaráætlun.

2. gr.

Á eftir „gróðurhúsalofttegunda“ í 1. mgr. 35. gr. gjaldskrárinnar kemur: 39. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

3. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 70/2012 um loftslagsmál.

Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 29. nóvember 2012.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Hrafnhildur Ásta Þorvaldsdóttir.*